


# VATNSÞÖRF

eftir  
Jón Ingimarsson  
og  
Þórodd F. Þóroddsson



# VATNSÞÖRF

Eftir Jón Ingimarsson, verkfræðing og  
Þórodd F. Þóroddsson, jarðfræðing hjá Orkustofnun

## Formáli

Raforkumálaskrifstofan, síðar Orkustofnun, hefur nú um langt árabil veitt mörgum byggðum og einstaklingum ráðgjafarþjónustu varðandi neyzzluvatnsöflun, og hefur sú starfsemi stöðugt farið vaxandi. Að mestu hafa þessi störf verið unnin af einstökum sérfræðingum stofnunarinnar, og hefur Jón Jónsson, jarðfræðingur, átt þar langstærstan hlut að máli. Eftir að Jarðkönnumnardeild Orkustofnunar tók til starfa árið 1971, hefur hún beint starfsemi sinni að neyzzluvatnsmálum almennt, auk þess sem hún hefur unnið að rannsóknum fyrir fjölmörg bæjar- og sveitarfélög. Við þær athuganir hefur það komið æ betur og betur í ljós, hvað lítið er vitað um raunverulega vatnsþörf til heimilisnota og til hvers konar atvinnurekstrar. Að frumkvæði Stefáns Arnórssonar hóf Jarðkönnumnardeild að safna gögnum um almenna neyzzluvatnsþörf. Árið 1975 vann Jón Ingimarsson, verkfræðingur, að þeirri gagnasöfnun með aðstoð Þóroddss Þóroddssonar, jarðfræðings. Þessi skýrsla er árangur þeirrar söfnunar, og er hún hugsuð sveitarstjórnunum og hönnuðum vatnsveitna til aðstoðar.

Flestar talnalegar upplýsingar eru fengnar úr erlendum ritum, eins og skýrslan ber með sér, en reynt hefur verið að samræma þær íslenzkum aðstæðum, eftir því sem mögulegt hefur verið. Leitað hefur verið álits og umsagna fjölmargra einstaklinga og stofnana, sem unnið hafa að neyzzluvatnsmálum. Færum við þeim öllum okkar beztu þakkir fyrir alla þeirra mikilsverðu að-

stoð. Við óskum þess, að skýrsla þessi megi verða vatnsveitumálum landsmanna til gagns og velfarnaðar.

*Guttormur Sigbjarnarson.*

## I. Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um vatnsþörf til heimilisnota, nota í þágu ýmiss konar atvinnureksturs og til opinberrar þjónustu (sjúkrahús, sundlaugar o. fl.).

Tilgangurinn er að setja fram tölur um vatnsþörf, sem sveitarstjórnir og aðrir gætu haft til hliðsjónar við frumáætlanagerðir vegna vatnsveitna, s. s. nauðsynlega stærð vatnsbóla.

Það, sem hér verður kallað vatnsþörf, eru ekki nauðþurftir, heldur það, sem auðveldlega á að vera hægt að komast af með, án beinnar sparssemi.

Það skal strax tekið fram, að allar tölur um vatnsþörf eru mjög breytilegar milli landa og staða innanlands, einkum vatnsþörf til heimilisnota.

Tölur um vatnsþörf hafa verið breytilegar og yfirleitt vaxandi með tímanum. Þetta stafar bæði af auknum þægindum og auknum hreinlætiskröfum. Vegna mikilla erfiðleika við vatnsöflun víða í heiminum er þó reynt að gera vélar og tæki þannig úr garði, að vatnsþörfin minnki. Eftir megni verður notað við innlendar tölur um vatnsþörf. Miklir erfiðleikar eru hins vegar við öflun þeirra. Víðast hvar er vatn ekki selt eftir mæli. Algengt er, að það vatnsmagn, sem

veitt er inn á veitukerfin, sé óþekkt og þá einnig tóp í kerfinu.

Loks má benda á, að ýmis vatnsnotkun er bundin við takmarkaðan tíma ársins.

## II. Vatnsþörf

### II. 1. Til heimilisnota

Ýmis atriði hafa áhrif á vatnsnotkun til heimilisnota, s. s. lífsþægindi, velmegun, veðurfar, lega í landi o. fl. Í Taschenbuch der Wasserversorgung (1973) er gefin eftirfarandi tafla (Tafla 1) um vatnsþörf eftir legu og gerð húsnæðis án upphitunar.

TAFLA 1

Heiti	Mesta þörf l/fb/sólarhr.	Meðalþörf l/fb/sólarhr.
Í sveitum .....	100	50
Bær, eldra húsnæði,		
án baðs .....	80	60
Eldri íbúðir .....	150	100
Nýtízku íbúðir .....	200	120
Einbýlishús með öllum þægindum .....	250	150

Í töflu 2, sem unnin er upp úr Water Supply (London 1974) og Teknisk Hygiejne (Kaupmannahöfn 1970), eru tölur um vatnsnotkun til heimilis í ýmsum löndum.

TAFLA 2 (gildir frá 1969–70)

Land	Vatnsnotkun l/fb/sólarhr.
England + Wales <sup>1)</sup> .....	183
Skotland <sup>1)</sup> .....	269
U.S.A. .....	303
Vesturríki U.S.A. .....	434
Austurríki U.S.A. .....	265
Pýzkaland .....	167
Belgía .....	77
Ítalía .....	233
Austurríki .....	131
Sviss .....	273
Svíþjóð .....	217

176 1) Innihalda leka í kerfum og smáatvinnurekstur.

Ekki eru til neinar nákvæmar tölur um meðalvatnsþörf til heimilisnota hér á landi. Á Reykjavíkursvæðinu er miðað við, að til heimilis, minniháttar atvinnurekstrar og þjónustu, sé notað að meðaltali 250 l/fb/sólarhring.

Eins og alkunnugt er, þá er hitaveita í Reykjavík, og er því hitaveituvatn notað mikið til hreinlætis. Á þeim stöðum, þar sem ekki er hitaveita, má reikna með, að kaldavatnsnotkun sé um 50 l/fb/sólarhring meiri eða um 300–350 l/fb/sólarhring, og er þá ekki reiknað með vatni til upphitunar.

### II. 2. Atvinnurekstur

#### II. 2.1 Smærri atvinnurekstur — þjónusta o. fl.

Í töflu 3 eru gefnar upp tölur fyrir ýmiss konar smærri atvinnurekstur. Yfirleitt er vatnsþörfin miðuð við starfsmann á dag (sd). Tölurnar eru fengar úr Taschenbuch der Wasserversorgung (1973). Einnig er gefinn upp fjöldi íbúa á hverjum stað á hvern starfsmann í viðkomandi greinum.

TAFLA 3

Heiti	Fjöldi íb. pr. starfsm.	Mesta þörf l/sd	Meðal þörf l/bil
Bakarí ....	150–250	250 l/sd	150 l/sd
Hárskerar ..	300–600	300 –	250 –
Almennur atvinnurekstur .....	100 –	50 –	
Öhreinl. alm. atvinnurekstur .....	400 –	150 –	
Stærri verzlanir (frysti o. fl.) .....	900 –	300 –	
Góð hótél .....	600 l/rúm	300 l/rúm	
Pvottahús (pr. 10 kg þurr þvottur) .....	800 l	400 l	
Bifreiðaþvottastöðvar	200 l/bil	100 l/bil	

Þeir liðir, sem hér eru nefndir, eru að líkendum mjög háðir stærð bæjanna. Í flestum tilfelli um er í rauninni eðlilegt að taka þessa liði með í vatnsþörf til heimilisnota, s. s. gert er í Reykjavík, Danmörku, Bretlandi og víðar. Lagt er til, að svá verði einnig gert hér og notuð sem viðmiðun talan frá Reykjavíkursvæðinu, 250–350 l/ib/sólarhring að meðaltali, án húshitunar.

## II. 2.2. Vatnsfrekar atvinnugreinar

Pær tölur, sem settar eru fram í töflu 4 eru fengnar úr heimildum 1–6 í heimildaskrá aftast í greininni.

Eins og áður segir, verða innlendar tölur notaðar þar sem þær eru fyrir hendi, erlendar tölur eru í svigum. Tölurnar eru gefnar upp í ýmsum einingum, og verður þess getið í hvert skipti. Margar atvinnugreinar eru mjög árstíðabundnar, og verður þess getið í athugasemdum.

TAFLA 4

Heiti	Eining	Magn	Athugasemdir
Slátturhús	1/dilk	250–300 (150)	Án frystingar. Notkun mest í sept.–okt.
—	1/stórgrip	(400)	
Mjólkurbú	1/l mjólkur	3 (3–7.5)	Misjafnt álag yfir árið.
Ölgerð	1/l öls	(15–20)	Með kælingu.
—	—	(3–7)	Án kælingar.
—	t/tonn öls	5	Par af þvottur 4 tonn.
Steypustöðvar	1/m <sup>3</sup> steypu	160–170	Mest álag sumar og haust.
Fiskiðjuver	t/tonn		
Frysting	slægðs fisks	5	Án frystingar.
Saltfiskverkun	t/tonn afurða	15–20	1)
	t/klst	15	Ein vélasamstæða, fyrsta vinnslustig, flatning og komið í salt. (Notkun á öðrum vinnslustigum óveruleg).
Fiskimjölsverksmiðjur	t/tonn hráefnis		Vantar upplýsingar
Rækjuvinnsla	l/sek	meira en 5	Fer eftir stærð og gerð véla og hvort notuð eru færibond eða flotrennur.
Niðursuða			Mjög breytilegt.
Íssala til fiskiskipa	1/tonn fisks	300	
Vatnssala til skipa			
Skinnasútun	1/m <sup>2</sup>	(4)	Mjög mismunandi eftir stærð og gerð skipa og lengd útvistar. Getur skapað verulegan álagstopp í stuttan tíma. (Skuttagarár taka 60–90 t/löndun).

<sup>1)</sup> Í frystikerfum þarf ekki að gera sömu kröfur til kælivatns og gerðar eru til neyzluvatns. Algengt er að notu fyrir þau sjó og árvatn. Talan, sem nefnd er, miðast við kerfi, sem nýta vatn vel. Þegar frystihús standa yfirgefin langtínum saman og frystikerfið er sjálfvirk, er notkun 6–10 t/klst, og þarf það helzt að vera neyzluvatn.



Ýmsar rannsóknir eru nauðsynlegar, ásúr en vatn er tekið til neyzlu. Ljósmynd Snorri Zophóníasson.

## II. 2.3. Vatnsþörf til landbúnaðar

Í leiðbeiningum um neyzzluvatnsleiðslur í sveitum (1973) eru gefnar upp tölur um vatnsþörf einstakra húsdýrategunda. Ekki kemur fram, hvernig þessar tölur eru fengnar, þ. e. hvort um sé að ræða innlendar reynslutölur eða erlendar. Tölurnar eru í töflu 5.

TAFLA 5.

Heiti	Vatnsþörf 1/dag
Mjólkandi kýr .....	50
Mjólkurkæling á kú .....	50
Svíن .....	15–30
Kind .....	5–10
Hestur eða geldneyti .....	20–30
100 hænsni .....	35

Í Vandforsyning (2) eru gefnar upp tvær aðferðir til að áætla vatnsþörf til húsdýra. Í töflu 6 eru einstakar dýrategundir reiknaðar yfir í „kúgildi“, og er sú tala notuð sem deilitala til að finna vatnsþörf hvers dýrs.

TAFLA 6.

Heiti	Fjöldi dýra í „kúgildi“	Vatnsþörf 1/sólarhr./dýr
Mjólkandi kýr ..	1.00	50
Naut .....	1.05	47
Uxi .....	1.40	35
Geldneyti .....	1.75	28
Kálfur .....	2.65	18
(Hestur) .....	(1.00)	(50)
(Tryppi) .....	(1.40)	(35)
(Folald) .....	(3.33)	(15)
Gylta eða göltur	2.00	25
Spengrís .....	25	2

Sláturnsvín .....	2	25
Kind .....	6.25	8
Hænsn .....	140	0.3

Í Taschenbuch der Wasserversorgung (1973) er áætlað, að til þess að kæla mjólkina þurfi 1.5–2.0 l/l mjólkur. Töflum 5 og 6 ber vel saman, ef hestar eru undanskildir (sem stafar að sjálfsögðu af smæð íslenzka hestsins). Vatn til vökvunar í gróðurhúsum er 0.75–1.0 m<sup>3</sup>/m<sup>2</sup>ári, skv. reynslu frá Danmörku og Englandi. Innendar tölur eru 0.75–1.50<sup>3</sup>/m<sup>2</sup> gróðurhúss á ári.

Hér verður ekki áætlað sérstaklega vatn til vökvunar vegna ræktunar utanhúss, enda úrkomudagar mjög mismargir. Til þess að bleyta vel einu sinni (rótarbleyta) er áætlað, að þurfi 20–40 m<sup>3</sup>/ha.

Í Leiðbeiningum um neyzzluvatnsleiðslur í sveitum (1973) eru settar fram tölur um, að vatnspörf til heimilisnota í sveitum sé 100–200 l/ib/sólárhring. Að vísu má vera, að salerni séu ekki eins mikið notuð í sveitum á vorin, sumrin og haustin vegna útistarfa og menn væti gjarnan tún. Eigi að síður teljum við rétt að áætla vatnspörfina hina sömu og í bæjum, eftir að sveitaheimili eru komin með sams konar heimilis- og hreinlætistæki, þ. e. 250–350 l/ib/sólárhring, án upphitunar.

## II. 3. Til opinberra nota

Í töflu 7 eru reynslugildi fyrir nokkra þætti vatnsnotkunar hins opinbera (erlendar tölur).

TAFLA 7

Heiti	Eining	Mesta magn	Meðal-magn	Athugasemdir
Skólar <sup>1)</sup> .....	1/nem/sólárhr.	(15)	(10)	Án sturtu eða sundlaugar.
Skólar <sup>1)</sup> .....	— —	(30)	(20)	Með sturtu án sundlaugar.
Skólar <sup>1)</sup> .....	— —	(50)	(30)	Með sturtu, með sundlaug.
Skólar .....	— —	(1200)	(150)	Hásk., menntask., fisk-vinnslusk. með sérstakar vatnsparfir, í efnafræði, líffræði o. fl. greinum.
Sjúkrahús .....	1/rúm/shr.	(700)	(400)	Almennt.
Sjúkrahús .....	— —	(1500)	(1000)	Sérstakar þarfir.
Baðhús .....	1/viðsk.vin	(500)		
Gufubaðstofur .....	—	(700)		
Sundlaugar .....				Mjög mism. eftir stærð.
Gosbrunnur .....				Mismunandi eftir stærð og gerð, t. d. er vatnskerfi þeirra lokað.
Garðvökun .....	m <sup>3</sup> /ha		(30)	Rótarbleyting.

<sup>1)</sup> Í heimavistarskólum má gera ráð fyrir, að vatnspörfin á einstakling sé svipuð og til almennra heimilisnota að viðbættum sérþörfum skólans.

Eðlilegt er að taka þörf skóla með í vatnsþörf til heimilishalds. Þó þarf að hugsa fyrir sérstöku úttaki við stærðarákvörðun á vatnsleiðslum í viðkomandi götum.

## II. 4. Töp í kerfinu

Stærð þessa þáttar er ákaflega mismunandi eftir bæjarkerfum, enda er hann samsettur af leka úr leiðslum og tengistykkjum (brunahanar innifaldir), vatnsnotkun til að skola óhreinindum úr kerfinu, vatnsgeymaþvotti, spúlun skolpleiðsla og vatni til brunavarma. Hjá þeim veitum, sem selja allt vatn eftir mælum, kemur mismunur á mældu innrennsli og mældu útrennsli einnig fram í þessum lið.

Í Danmörku er stærð þessa liðar 2–31% af heildarnotkun (1963–64), að meðaltali um 10%, í Þýzkalndi var stærð hans milli 5–40%, að meðaltali 17.8% árið 1950. Við íslenzkar aðstæður er stærð þessa þáttar óþekkt, en samkvæmt fenginni reynslu mun hann víða vera mjög verulegur, 15–50% ekki óalgengt.

## II. 5. Slökkvivatn

EKKI eru til bein ákvæði um lágmarks-slökkvivatn í íslenzkum lögum, reglugerðum eða stöðulum. Í lögum frá 1969 um brunavarnir og brunamál segir, „að sveitarstjórnun beri skylda til að hlutast til um að ávallt sé fyrir hendi nægilegt slökkvivatn.“ Samkvæmt sænskum staðli (sjá m. a. í Teknisk Hygiejne notater om vandforsyngs-teknik, 1970), sem er notaður í Skandinavíu, þá skal við hámarksklukkustundarnotkun til venjulegra nota, vera mögulegt að fá úr hvaða punkti vatnsveitukerfisins sem er slökkvivatn, skv. töflu 8.

TAFLA 8

Heiti	Magn	Lengd	tímabilis
Í einbýlishúsahverfum	10 l/sek	2 klst	
Í þéttri íbúðabyggð	20 l/sek	4 klst	
Iðnaður með meðal-brunaálag, án stórra			

lagera af eldfimu efni	20 l/sek	4 klst
Iðnaður með mikið brunaálag	.....	40 l/sek

Í Bandaríkjum er lágmarksslökkvivatn fyrir bæi allt að 200 þús. íb

$Q = 64,3 \cdot \sqrt{n} (1 - 0,01 \cdot \sqrt{n})$  l/sek, þar sem n er fjöldi íbúa í þús. Formúla gefur fyrir bæi með 500 íb:  $Q = 45$  l/sek, bæi með 1000 íb:  $Q = 64$  l/sek og fyrir bæi með 2000 íb:  $Q = 90$  l/sek.

Eins og sést af ofanskráðu, eru kröfurnar mun meiri í Bandaríkjum en Skandinavíu. Eðlilegt virðist, að við sláum ekki af þeim kröfum, sem gerðar eru í Skandinavíu. Í stórbrunum í smærri bæjum verður að gera ráð fyrir, að hægt sé að loka fyrir stórfyrirtæki, og það þarf að vera fljólegt. Viðast í bæjum hér á landi eru digrir varasjóðir slökkvivatns í sjó, ám, lækjum og tjörnum, en útilokat er að byggja brunavarnir á þeim.

Það vatn, sem þarf að vera í tönkum (nema borholur eða uppsprettur geti annað því auk hámarksnotkunar) skv. sænskum staðli, miðað við meðalbrunaálag er:

$$20 \frac{1}{\text{sek}} \cdot 3600 \frac{\text{sek}}{\text{klst}} \cdot 4 \text{ klst} = 288 \text{m}^3$$

## III. Dreifing vatnsþarfarinnar

Meðalvatnsþörfin ( $q_m$ ) er skilgreind sem heildarvatnsnotkun ( $Q$ ) yfir árið deilt með fjölda daga í árinu ( $Q/365 = q_m$ ). Almennt er mjög mismunandi vatnsnotkun eftir árstíma. Í sveita-



Vaxandi kröfur um aukið hreinlæti í fiskiðnaði kalla á stóraukna vatnsnotkun. Ljósmyndina tók Snorri Zophóniasson í fiskiðjuveri.

þorpum með sláturhúsum má búast við mestri notkun á haustin í slátturtíð, í þorpum við sjávararsíðuna er þörfin mest, þegar vertíðin stendur hæst, o. s. frv.

Notkunin er einnig mjög breytileg yfir sólarhringiñn. Mesta vatnsnotkun á heimilum er á morgnana og við matmálstíðir. Hámarksnotkun flestra atvinnufyrirtækja er um hádegisbil.

Hér á eftir verður reynt að gera nokkra grein fyrir stærð þessara álagsþáttta.

### III. 1. Mesta langtímanotkun

Mesta langtímanotkun er yfirleitt mjög árstíðabundin og mjög háð atvinnuuppbryggingu byggðarlagsins, einnig getur veðurfar haft veruleg áhrif. Ekki er hægt að gefa neinar ákveðnar leiðbeiningar um þetta atriði, en nauðsynlegt

er í hverju tilfelli að mæla þennan þátt við hönnun vatnsveitukerfa.

### III. 2. Mesta sólarhringsnotkun

Í Danmörku er mælt með, að gert sé ráð fyrir, að mesta sólarhringsnotkun sé tvöföld meðalsólarhringsnotkun ( $q_n$ ). Hér liggja yfirleitt engar mælingar fyrir, svo að erfitt er að notast við þessa reglu. Tölurnar frá Danmörku gefa til kynna, að í minni bæjum sé mesta sólarhringsnotkun almennt  $1,5-1,7q_n$ , í stærri bæjum almennt  $1,3-1,4q_n$ .

Í Þýzkalandi eru gildin mjög svipuð,  $1,42-1,84$ , og stækka eftir því sem bæirnir eru minni.

Erlendis ráðast þessi gildi víðast af þurrkum og miklum hitum. Hér á landi má búast við, að vertíð, slátturtíð o. þ. h. verði ráðandi. Matið



Það er orðin sjaldgæf sjón að sjá vatn renna um yfirfallið á vatnsbóli. Ljósm. Guttormur Sigbjarnarson.


verður því mjög staðundið. Hér skal bent á eina leið til slíks mats: Framleiðsla atvinnufyrirtækja er áætluð á mismunandi árstíma, og gildin út töflu 4 (eða mæld gildi á staðnum) eru notuð til að finna vatnspörf þeirra. Íbúafjöldinn er fundinn út á mismunandi árstínum, þar sem síkt á við, og álagsþáttur 1,5–2 notaður á áætl-aða heimilisnotkun, eftir atvinnuuppbyggingu stáðarins.

### III. 3. Mesta klukkustundarnotkun

Almennt er mesta klukkustundarnotkun ( $f_t$ ) gefin upp í % af sólarhringsnotkun, þannig er meðalklukkustundarnotkun  $1/24 \cdot 100\% = 4,2\%$ .

Í Danmörku sýnir reynslan (Teknisk Hygiejne, notater om vandforsyningens teknik (1970), að fyrir stærri bæi með iðnað er  $f_t = 6 - 7\%$ , og fyrir minni bæi er  $f_t = 8 - 12\%$ . Í Þýzkalandi eru gildin  $6 - 12,5\%$ .

Hér verður mælt með að nota gildi innan þessara marka. Fyrir flesta bæi ætti gildið  $f_t = 10\%$  að vera nærrí lagi (hér á landi er vinnudagurinn t. d. almennt lengri en erlendis).




Mynd 1. Dreifing vatnsorkunnar yfir sólarhringinn í Kaupmannahöfn.

## IV. Áætlun um framtíðarvatnsþörf

Ýmsar aðferðir eru til að spá um vatnsþörf í framtíðinni. Sameiginlegt með þeim er yfirleitt, að þær byggja á mældri vatnsnotkun aftur í tímum. Hér á landi eru slíkar mælingar yfirleitt alls ekki fyrir hendi, því verður þessum aðferðum ekki lýst hér.

Á það skal bent, að þarfir einstakra atvinnugreina eru mjög háðar hreinlætiskrömum. Vitneskjan um væntanlega þróun í þeim málum er helzt hjá heilbrigðisnefndum og -ráðum.

Á mynd 2 má sjá breytingu á vatnsnotkun á íbúa í Kaupmannahöfn frá aldamótum, einnig fjölgun íbúa, fjölgun vatnssalerna o. fl.



Mynd 2.

Öll sveitarfélög í péttbýli eru skipulagsskyld, og flest eiga skipulagsuppdrætti, eða eru að vinna að þeim. Ef skipulag er unnið af raunsæi, með áætlun um fólksfjölgun, atvinnuuppbryggingu og framkvæmdir, á að vera fjallað um þætti eins og vatnsþörf, öflun vatns o. s. frv.

Jarðkönnunardeild Orkustofnunar hefur í nokkrum tilfellum gert lauslega áætlun um vatnsþörf einstakra péttbýlisstaða. Vegna skorts á upplýsingum og mælingum á mismunandi þáttum vatnsþarfarinnar, s. s. til skóla, sjúkra-

húsa, smáiðnaðar, tapa í kerfinu o. fl., höfum við valið þann kost að áætla almenna neyzluvatnsnotkun 500 l/ib/sólarhring. Í framtíðinni væri æskilegt að meta og mæla alla þessa þætti betur en gert hefur verið fram til þessa. Til að svo megi verða, þarf að gera yfirlit yfir uppbryggingu staðarins ásamt áætlun um framtíðarþróun hennar á næstu árum. Einnig er mjög mikilsvert, að vatnsnotkunin almennt yrði mæld meira en gert hefur verið, bæði með tilliti til einstakra þátta hennar og á mismunandi árstímum.

## V. Heimildir

1. Water supply engineering, Harold E. Babbit and James J. Doland, fourth edition, New York 1949.
2. Vandforsyning, Teknisk forlag 1969.
3. Taschenbuch der Wasserversorgung, Stuttgart 1973.
4. Matvælaiðnaður og vatnsþörf hans, erindi eftir Pál Lúðvíksson. Ráðstefna Sambands ísl. sveitarfélaga um vatn 1975.
5. Vatnsnotkun í fiskiðjuveri, erindi eftir Baldvin Gestsson. Ráðstefna Sambands ísl. sveitarfélaga um vatn 1975.
6. Vandforsyningsanleg, Universitiforlaget 1965.
7. Leiðbeiningar um neyzluvatnsleiðslur í sveitum, Ásgeir L. Jónsson, 1973.
8. Water Supply, A. C. Twort, R. C. Hoather, F. M. Law, second edition London, 1974.
9. Teknisk Hygiejne, notater om vandforsyningsteknik, Ib Mikkelsen, Leif Winther, J. J. Linde-Jensen, Polteknisk forlag, 1970.